

## Fundur menntamálaráðherra með framkvæmdastjórum í Brussel

[Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir](#) menntamálaráðherra átti þriðjudaginn 20. nóvember fundi í Brussel með [Ján Figel](#), sem fer með mennta- og menningarmál í [Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins](#), og [Janez Potocnik](#) sem fer með málefni vísinda og rannsókna innan Framkvæmdastjórnarinnar.



Ján Figel og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Á fundi menntamálaráðherra og Figel var rætt um stöðu markmiðavinnu [Evrópusambandsins](#) í menntamálum til ársins 2010

sem gjarnan er kölluð [Lissabon-áætlunin](#), stöðu og framtíð [Bologna-ferlisins](#), samvinnu á sviði menntamála og þátttöku EES/EFTA-ríkja á óformlegum ráðherrafundum ESB.

Þá ræddu ráðherrarnir nýja stefnu Evrópusambandsins í menningarmálum sem kynnt var síðastliðið vor en það er í fyrsta skipti sem ESB-ríkin setja fram sameiginlega stefnu á þessu sviði.

Á fundi menntamálaráðherra og Potocnik var rætt um þátttöku Íslendinga í [sjöundu rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun](#) en Ísland hefur verið aðili að rammaáætlunum ESB allt frá árinu 1994. Meðal annars voru ræddar áhyggjur vísindasamfélagsins af því að umsóknarferlið í rammaáætlunum ESB væri ekki nógu skýrt og að styrkgreiðslur bærust seint, sem kæmi sér ekki síst illa fyrir smærri verkefni.

Áform framkvæmdastjórnarinnar um framtíð [Evrópska rannsóknasvæðisins](#) (ERA) voru einnig rædd en nýlega var lögð fram grænbók um hvernig gera megi Evrópu að aðlaðandi og öflugum rannsóknasvæði.

Menntamálaráðherra heimsótti einnig menningarmiðstöðina [Bozar](#) en þar verður opnuð viðamikil Íslandskyrning í febrúar á næsta ári. Átti Þorgerður Katrín fund með Paul Dujardin, forstöðumanni Bozar, þar sem rætt var um undirbúning og framkvæmd kynningarinnar. Bozar er helsta menningarmiðstöð Belgiu og heyrir undir belgíska forsætisráðuneytið.

Einnig átti menntamálaráðherra í heimsókninni fundi með forstöðumönnum [EFTA](#) og [Eftirlitsstofnunar EFTA](#) (ESA).

### Frumvörp til nýrrar menntastefnu

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) hefur lagt fram á [Alþingi](#) fjögur frumvörp til nýrrar menntastefnu:

- Frumvarp til laga um leikskóla
- Frumvarp til laga um grunnskóla
- Frumvarp til laga um framhaldsskóla
- Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnmenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

Í hinu nýja [frumvarpi til laga um leikskóla](#) er lögð áhersla á velferð barna og að hagsmunir þeirra séu ávallt í fyrirrúmi. Jafnframt er kerfisbundið unnið að því að tryggja að réttindi og skyldur foreldra og barna séu eins sambærileg og hægt er milli grunnskóla og leikskóla að því virtu að leikskóli er val en grunnskólanám skylda.

Í [frumvarpi til laga um grunnskóla](#) eru sköpuð skilyrði fyrir því að menntun íslenskra barna verði til fyrirmyndar á alþjóðavísu og velferð allra grunnskólabarna og jöfn tækifæri til náms verði tryggð.

Í [frumvarpi til laga um framhaldsskóla](#) er réttur nemenda til skólavistar og náms styrktur meðal annars með fræðsluskyldu stjórnvalda til 18 ára aldurs. Jafnframt er lögð áhersla á að gildi stúdentsprófs verði óskorað en framhaldsskólum gefinn kostur á að byggja upp sveigjanlegt námsframboð hvað varðar inntak og skipulag náms.

Í [frumvarpi til laga um menntun kennara og skólastjórnmenda](#) er lagt til að gerðar verði sambærilegar kröfur til menntunar kennara á öllum skólastigum.

Opnaður verður vefur [www.nymenntastefna.is](#) þar sem hægt er að kynna sér efni hinna nýju frumvarpa og senda inn fyrirspurnir til menntamálaráðherra um þær breytingar sem í þeim felast.



Frá blaðamannafundi um frumvörp til nýrrar menntastefnu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Valborg Þ. Snævarr, formaður nefndar um endurskoðun leikskólalaga og Guðrún Ebba Ólafsdóttir, formaður nefndar um endurskoðun grunnskólalaga

### Úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla: Vormisseri 2007

Ákvæði um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla kom fyrst til framkvæmda haustið 2001 og stóð fyrsta umferð úttekta til vors 2003. Önnur umferð úttekta hófst í febrúar 2007. Á vorönn 2007 voru gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum 25 grunnskóla og er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í skýrslunni [Úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla: Vormisseri 2007](#). Skýrslan var send viðkomandi skólum og sveitarstjórnnum en hana

má einnig finna á vef [menntamálaráðuneytis](#).

Helstu niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum í 25 grunnskólum voru í febrúar 2007 eru að í 15 grunnskólum hefur farið fram kerfisbundið sjálfsmat eða í 60% skólanna. Þar af hefur kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum skólustarfsins farið fram í 10 skólum.

Í eftirfarandi töflu er samantekt á niðurstöðum um mat á sjálfsmatsaðferðum skóla:

Sjálfsmatsaðferðir skólans teljast:	Fjöldi skóla
Fullnægjandi	7 (28%)
Fullnægjandi að hluta	8 (32%)
Ófullnægjandi	10 (40%)
<b>Samtals</b>	<b>25 (100%)</b>

Þegar lagt var mat á framkvæmd sjálfsmats í þeim 15 skólum þar sem kerfisbundið sjálfsmat hafði farið fram eru niðurstöðurnar eftirfarandi:

Framkvæmd sjálfsmats telst:	Fjöldi skóla
Fullnægjandi	9 (60%)
Fullnægjandi að hluta	6 (40%)
Ófullnægjandi	0 (0%)
<b>Samtals</b>	<b>15 (100%)</b>

Í sjö af þeim 25 grunnskólum sem gerð var úttekt á vorönn 2007, eru bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að öllu leyti.

